samningnum sem áfram er bundinn af samningnum, um nauðsynlegar ráðstafanir. Samningsaðilinn er þó einungis bundinn af slíkum ráðstöfunum hafi hann samþykkt þær.

18. gr.

Samningur þessi kemur í stað samstarfssamningsins milli konungsríkisins Belgíu, lýðveldisins Frakklands, sambandslýðveldisins Þýskalands, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands, lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar, sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengensamningnum, og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um afnám eftirlits með fólki á sameiginlegum landamærum sem var undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996.

Gjört í Brussel 18. maí 1999 í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu Evrópusambandsins.

remaining associated Contracting Party on the necessary measures. However, these measures shall be binding upon that Party only if they are accepted by it.

Article 18

This Agreement replaces the Cooperation Agreement between the Kingdom of Belgium, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Italian Republic, the Kingdom of Spain, the Portuguese Republic, the Hellenic Republic, the Republic of Austria, the Kingdom of Denmark, the Republic of Finland, the Kingdom of Sweden, Contracting Parties to the Schengen Agreement and the Schengen Convention, and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the abolition of controls on persons at their common borders, signed in Luxembourg on 19 December 1996.

Done at Brussels on 18 May 1999 in a single original, in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Irish, Italian, Portuguese, Spanish, Swedish, Icelandic and Norwegian languages, each text being equally authentic, such original remaining deposited in the archives of the General Secretariat of the European Union.

28. júní 2000 Nr. 22

AUGLÝSING

um samning sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gera með sér um að koma á réttindum og skyldum milli Írlands og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar á þeim sviðum Schengen-gerðanna sem taka til þessara ríkja.

Hinn 26. maí 2000 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um að koma á réttindum og skyldum milli Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs hins vegar á þeim sviðum Schengengerðanna sem taka til þessara ríkja sem gerður var í Brussel 30. júní 1999. Samningurinn öðlaðist gildi 26. júní 2000.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 28. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um að koma á réttindum og skyldum milli Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs hins vegar á þeim sviðum Shengen-gerðanna sem taka til þessara ríkja.

Ráð Evrópusambandsins
og
lýðveldið Ísland og
konungsríkið Noregur,

með hliðsjón af samningnum sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur hafa gert með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

þar að Schengen-gerðirnar hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins með heimild aðilanna að Amsterdam-sáttmálanum til þrettán aðildarríkja Evrópusambandsins, þó ekki Írlands eða hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, til að koma á nánara samstarfi sín á milli innan gildissviðs gerninga og ákvæða er mynda Schengen-gerðirnar,

þar að Írland og Breska konungsríkið eiga kost á því, með fyrirvara um ákvæði 4. og 5. gr. bókunarinnar sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Schengen-bókunin"), að eiga hlut að sumum eða öllum ákvæðum Schengen-gerðanna og að tillögum og frumkvæði á þeim samstarfssviðum sem byggjast á Schengen-gerðunum,

gera sér ljóst að hugsanlega þyrfti að uppfylla tiltekin stjórnskipuleg eða önnur innri skilyrði, þar með talin þau er varða þennan samning, áður en Írland eða Breska konungsríkið geta átt hlut að ákvæðum sem heimilt er að hafa nánara samstarf um samkvæmt Schengen-bókuninni,

þar að nauðsyn ber til, vegna þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, að koma á réttindum og

AGREEMENT

concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the Establishment of Rights and Obligations between Ireland and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, on the one hand, and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, on the other, in Areas of the Schengen Acquis which apply to these States

The Council of the European Union
and
the Republic of Iceland and
the Kingdom of Norway

having regard to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latters' association with the implementation, application and development of the Schengen acquis,

whereas the integration of the Schengen acquis into the framework of the European Union has taken the form of an authorisation, by the High Contracting Parties to the Treaty of Amsterdam, to 13 Member States of the European Union, not including Ireland and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, to establish closer cooperation among themselves within the scope of the instruments and provisions constituting the Schengen acquis;

whereas Ireland and the United Kingdom have the possibility, subject to the provisions of Articles 4 and 5 of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union (hereinafter referred to as "the Schengen Protocol"), to take part in some or all of the provisions of the Schengen acquis and in proposals and initiatives concerning areas of cooperation which build upon the Schengen acquis;

being aware of the fact that before Ireland or the United Kingdom are in a position to take part in provisions in respect of which a closer cooperation has been authorised pursuant to the Schengen Protocol, certain constitutional or other internal requirements may need to be fulfilled, including in respect of this Agreement;

whereas, as a result of the association of the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway to the implementation, application and develop-

skyldum milli Íslands og Noregs annars vegar og Írlands eða Breska konungsríkisins, eða beggja ríkjanna, hins vegar, að því marki sem Írland eða Breska konungsríkið, eða bæði ríkin, eiga hlut að Schengen-gerðunum, eða taka þátt í ráðstöfunum sem byggjast á þeim, í samræmi við 4. og 5. gr. Schengen-bókunarinnar,

þar eð einungis ætti að koma á tengslum á þessum sviðum á milli Írlands og/eða Breska konungsríkisins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar á grundvelli þessa samnings og þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um eða samþykkt er samkvæmt samningi þeim er ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur hafa gert með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

hafa ákveðið að gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er fjallað í þessum samningi um álitamál sem varða

- málsmeðferðina við þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, og
- lagalegar, fjárhagslegar og aðrar afleiðingar þeirrar þátttöku

skal beita ákvæðum samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur hafa gert með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefndur „hinn samningurinn“) eða ákvæðum sem hafa verið samþykkt samkvæmt þeim samningi.

2. gr.

1. Áður en ráðið tekur ákvörðun um beiðni frá Írlandi eða Breska konungsríkinu á grundvelli 4. gr. Schengen-bókunarinnar skulu nefndarmenn í samsettu nefndinni, sem komið er á fót samkvæmt 3. gr. hins samningsins, hafa samráð sín á milli í samræmi við 4. gr. þess samnings.

ment of Schengen acquis, it is necessary to establish rights and obligations between the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, on the one hand, and Ireland or the United Kingdom, or both, on the other, to the extent that Ireland or the United Kingdom, or both, participate in the Schengen acquis, or measures building on it, in accordance with Articles 4 and 5 of the Schengen Protocol;

whereas the establishment of relations in these areas between Ireland and/or the United Kingdom, on the one hand, and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, on the other, should be exclusively governed by this Agreement and by the procedures set out in, or adopted pursuant to, the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latters' association with the implementation, application and development of the Schengen acquis,

have agreed as follows:

Article 1

In so far as questions relating to:

- the procedures governing the association of the Republic of Iceland (hereinafter referred to as "Iceland") and the Kingdom of Norway (hereinafter referred to as "Norway") with the implementation, application and development of the Schengen acquis, and
- the legal, financial and other implications of this association,

are not addressed in this Agreement, the provisions contained in, or adopted pursuant to, the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latters' association with the implementation, application and development of the Schengen acquis (hereinafter referred to as "the other Agreement") shall apply.

Article 2

1. Before the Council of the European Union (hereinafter referred to as the "Council") decides on a request made by Ireland or the United Kingdom on the basis of Article 4 of the Schengen Protocol, consultations shall take place in accordance with Article 4 of the other Agreement in the Mixed Committee

2. Áður en ráðið tekur ákvörðun um hvaða dag ákvæði Schengen-gerðanna, sem taldar eru upp í viðauka A við hinn samninginn og hafa þegar komið til framkvæmda gagnvart hinum aðildarríkjum Evrópusambandsins og gagnvart Íslandi og Noregi, koma til framkvæmda gagnvart Írlandi og Breska konungsríkinu, eða gagnvart öðru hvoru þessara ríkja, skulu nefndarmenn í samsettu nefndinni, sem komið er á fót samkvæmt 3. gr. hins samningsins, hafa samráð sín á milli í samræmi við 4. gr. þess samnings.
3. Öllum tilkynningum Írlands eða Breska konungsríkisins samkvæmt 5. gr. Schengenbókunarinnar skal einnig komið á framfæri við Ísland og Noreg á vettvangi samsettu nefndarinnar. Í þeim tilvikum er ráðið hyggst ákveða hvaða dag gerðir eða ráðstafanir, sem byggjast á ákvæðum Schengen-gerðanna sem taldar eru upp í viðauka A við hinn samninginn og hafa þegar komið til framkvæmda gagnvart hinum aðildarríkjum Evrópusambandsins og gagnvart Íslandi og Noregi, koma til framkvæmda gagnvart Írlandi og Breska konungsríkinu, eða gagnvart öðru hvoru þessara ríkja, skulu nefndarmenn í samsettu nefndinni, sem komið er á fót samkvæmt 3. gr. hins samningsins, hafa samráð sín á milli í samræmi við 4. gr. þess samnings.

3. gr.

1. Þegar ákvæðin, sem um getur í 4. mgr. 15. gr. hins samningsins, öðlast gildi að því er Ísland og Noreg varðar skapast réttindi og skyldur á milli Íslands og Noregs annars vegar og Írlands og Breska konungsríkisins hins vegar, eða annars hvors þessara ríkja, eftir því sem við á, að því er tekur til allra slíkra ákvæða sem eru þegar í gildi að því er Írland og Breska konungsríkið eða annað hvort þeirra varðar.
2. Þegar tiltekin ákvæði Schengen-gerðanna, sem taldar eru upp í viðauka A við hinn samninginn, eða ákvæði gerða eða ráðstafana sem breyta eða byggjast á umræddum ákvæðum, öðlast gildi að því er Írland og Breska konungsríkið varðar, eða annað hvort þessara ríkja, skapast réttindi og skyldur á milli Írlands og Breska konungsríkisins annars vegar, eða annars hvors þeirra, eftir því sem

established pursuant to Article 3 of that Agreement (hereinafter referred to as the "Mixed Committee").

2. Before the Council decides to fix the date on which provisions of the Schengen acquis as listed in Annex A to the other Agreement which have already been put into effect for other Member States of the European Union and for Iceland and Norway will be put into effect for Ireland and the United Kingdom or for either of these latter two States, consultations shall take place in accordance with Article 4 of the other Agreement in the Mixed Committee.
3. Any notification by Ireland or the United Kingdom pursuant to Article 5 of the Schengen Protocol shall also be conveyed to Iceland and Norway within the Mixed Committee. In cases where the Council intends to fix a date on which acts or measures building upon the provisions of the Schengen acquis listed in Annex A to the other Agreement which have already been put into effect for other Member States of the European Union and for Iceland and Norway, will be put into effect for Ireland and the United Kingdom or for either of these latter two States, consultations shall take place in accordance with Article 4 of the other Agreement in the Mixed Committee.

Article 3

1. Once the provisions referred to in Article 15(4) of the other Agreement become applicable to Iceland and Norway, this shall create rights and obligations between, on the one hand, Iceland and Norway, and, on the other hand, Ireland and the United Kingdom or either of these latter two States, as the case may be, in respect of any such provisions which already apply to Ireland and the United Kingdom or either of them.
2. Once particular provisions of the Schengen acquis as listed in Annex A to the other Agreement, or of acts or measures amending or building upon those provisions become applicable to Ireland and the United Kingdom or to either of these two States, this shall create rights and obligations between, on the one hand, Ireland and the United Kingdom or either of them, as the case may be, and, on the

við á, og Íslands og Noregs hins vegar, að því tilskildu að þessi tilteknu ákvæði eða gerðir eða ráðstafanir séu þá þegar í gildi að því er tvö síðarnefndu ríkin varðar.

4. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi er vörsluaðili hans, sem er framkvæmdastjóri ráðsins, hefur sannreynt að samningsaðilar fullnægja öllum formlegum skilyrðum fyrir því að þeir lýsi sig, sjálfir eða aðrir fyrir þeirra hönd, samþykka því að vera bundnir af honum.

5. gr.

Ísland eða Noregur geta sagt samningi þessum upp og unnt er að segja honum upp með ákvörðun ráðsins með samhljóða samþykki. Tilkynna ber um uppsögnina til vörsluaðila. Hún öðlast gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að tilkynningin berst.

Slit hins samningsins samkvæmt 4. mgr. 8. gr. eða 3. mgr. 11. gr. hans skulu einnig hafa þau áhrif að þessum samningi er slitið.

6. gr.

Segi Ísland eða Noregur þessum samningi upp skulu þeir samningsaðilar, sem eru áfram bundnir af honum, og viðkomandi ríki, sem hefur sagt samningnum upp, semja um lyktir málsins. Reynist ekki unnt að ná samkomulagi skal ráð Evrópusambandsins taka ákvörðun, að höfðu samráði við þann þátttökuaðila að samningnum sem áfram er bundinn af samningnum, um nauðsynlegar ráðstafanir. Samningsaðilinn er þó einungis bundinn af slíkum ráðstöfunum hafi hann samþykkt þær.

Gjört í Brussel hinn 30. júní 1999 í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, þýsku, íslensku og norsku, og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður varðveitt í skjalasafni aðalskrifstofu Evrópusambandsins.

other hand, Iceland and Norway, provided that those particular provisions or acts or measures already apply to the latter two States.

Article 4

This Agreement shall enter into force one month following the day on which the Secretary-General of the Council, who shall act as its depositary, has established that all formal requirements concerning the expression of the consent by or on behalf of the Parties to this Agreement to be bound to it have been fulfilled.

Article 5

This Agreement may be denounced by Iceland or by Norway or by a decision of the Council, acting unanimously. Such denunciation shall be notified to the depositary. It shall take effect six months after notification.

Termination of the other Agreement pursuant to Article 8(4) or Article 11(3) thereof shall also have the effect of terminating this Agreement.

Article 6

The consequences of denunication of this Agreement by Iceland or Norway shall be the subject of an agreement between the remaining Parties and the Party which has denounced this Agreement. If no agreement can be reached, the Council shall decide after consultation of the remaining associated Contracting Party on the necessary measures. However, these measures shall be binding upon that Party only if they are accepted by it.

Done at Brussels on the thirtieth day of June in the year one thousand nine hundred and ninety-nine in a single original in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Irish, Italian, Portuguese, Spanish, Swedish, Icelandic and Norwegian languages, each text being equally authentic, such original remaining deposited in the archives of the General Secretariat of the Council of the European Union.